

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Dalabyggð, 11. apríl 2025

Efni: Umsögn Dalabyggðar um tillögur verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar um flokkun tíu vindorkuverkefna. Mál í samráðsgátt stjórnvalda nr. S-7/2025.

Vísað er til boðs frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu um þátttöku í samráði um tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna. Umsagnarfrestur er til og með 24.04.2025.

Af þeim 10 virkjunarkostum sem tilgreindir eru í skjalinu er einn innan Dalabyggðar sem er Sólheimar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar tók málefnið til meðferðar á 153. fundi sínum sem haldinn var 5. febrúar 2025 og aftur á 155. fundi sínum þann 9. apríl sl. og bókaði tillögu að umsögn sem sveitarstjórn staðfesti síðan á 255. fundi sínu og fól sveitarstjóra að senda inn sem umsögn Dalabyggðar um málið.

Umsögn Dalabyggðar er eftirfarandi:

Umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn Dalabyggðar taka undir þau sjónarmið sem fram koma í niðurstöðu verkefnisstjórnar og helstu rökum þar sem fram kemur m.a. eftirfarandi;

„Nú liggja fyrir mælingar á farleiðum hafarna hér á landi yfir töluverðan tíma. Í þeim kemur í ljós að Laxárdalur og staðsetning vindorkuvers á Sólheimum er í meginfarleið hafarna. Ólíklegt er að frekari mælingar leiði annað í ljós, þar sem endurteknar rannsóknir undanfarin ár sýna mikla umferð arna yfir þetta svæði. Tillaga verkefnisstjórnar er að flokka kostinn í biðflokk, en líklegt má telja að fyllri gögn um farleiðir hafarna sýni að Sólheimar skuli flokkast í verndarflokk, enda teljist vernd hafarnarstofnsins verulega mikilvægir náttúruverndarhagsmunir á þessu landssvæði.“

Dalabyggð tekur þar með undir að skynsamlegt sé að virkjanakosturinn sé flokkaður í biðflokk eins og lagt er til í skýrslunni.

Dalabyggð hefur jafnframt áður bent á nauðsyn þess að settur sé skýr laga- og reglurammi af hálfu ríkisvaldsins og vill einnig árétta það sem sveitarfélagið hefur bent á að nauðsynlegt sé að setja regluverk um tekjugrunn þann sem nærsamfélög verkefna sem þessara búi við til framtíðar m.t.t. fasteignagjalda og annarra aðstöðugjalda.

Sveitarstjórn Dalabyggðar áskilur sér rétt til athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri í Dalabyggð